

FRÁSÖGN

af þriðja fundi sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins í Evrópuþinginu í Brussel 5. október 2011

Þriðji fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins fór fram í Evrópuþinginu í Brussel 5. október sl. Af hálfu sendinefndar Alþingis sóttu fundinn Árni Þór Sigurðsson formaður, Valgerður Bjarnadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir. Fyrir hönd Evrópuþingsins sátu fundinn þingmennirnir Pat the Cope Gallagher formaður, Paul Rübig, Indrek Tarand, Anna Hedh, Thomas Ulmer, Petru Luhan, Zuzana Brzobohatá og Diana Wallis. Fundinum var stýrt af Árna Þór Sigurðssyni og Pat the Cope Gallagher, sem sinna sameiginlega formennsku í nefndinni.

Fyrsti dagskrárlíðurinn var endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB. Pat the Cope Gallagher flutti framsögu og gerði grein fyrir tillögum framkvæmdastjórnarinnar sem kynntar voru 13. júlí sl. og sagði þær hafa valdið vonbrigðum í sjávarútvegsnefnd Evrópuþingsins. Með einföldun má segja að þrír meginþættir tillagnanna séu að allar veiðar verði orðnar sjálfbærar árið 2015; brottkasti verði smám saman hætt; og að frjálsum viðskiptum með fiskikvóta verið komið á milli landa. Sagðist Gallagher vera á móti kvótaviðskiptum á milli landa og jafnframt telja að í tillögum um að minnka brottkast væri ekki að finna tilhlýðilega hvata til að því markmiði yrði náð. Þá væru hugmyndir sem lagt var upp með um minni miðstýringu og meiri svæðisvæðingu fiskveiðistjórnar útvatnaðar í tillögunum. Nú kæmi til kasta Evrópuþingsins og ráðherraráðs að vinna með tillögurnar og að þær mundu væntanlega taka töluverðum breytingum í meðförum þessara aðila. Þá kvaðst Gallagher vongóður um að endurskoðuð sjávarútvegsstefna gæti tekið gildi í ársbyrjun 2013. Einar K. Guðfinnsson flutti einnig framsögu og sagði mikla óvissu um framtíð sjávarútvegsstefnu ESB og að hún mundi óneitanlega hafa áhrif á aðildarviðræður Íslands. Tillögurnar frá 13. júlí og Grænbók frá apríl 2009 viðurkenndu að fyrri stefna hefði verið misheppnuð en ofveiði, þverrandi fiskistofnar og offjárfesting í veiðiskipum væru þar til vitnis. Háleit markmið í nýju tillögunum um sjálfbærar veiðar væru ekkert nýtt enda hefði sjálfbærni í veiðum verið lögbundið markmið allt frá árinu 1994 en hefði einfaldlega ekki verið virt. Lykilatriði væri að framfylgja þessum markmiðum í raun. Aukin svæðisvæðing fiskveiðistjórnar væri jákvætt skref.

Næst fjallaði Anna Hedh um þróun Schengen-samstarfsins og þá gagnrýni sem komið hefur fram í garð vissra aðildarríkja ESB vegna endurupptöku landamæragæslu og takmarkana á frjálsri för auk stöðu Búlgaríu og Rúmeníu sem bíða eftir að komast í Schengen.

Þá var fjármálakreppan á evrusvæðinu til umfjöllunar ásamt efnahagsþróun á Íslandi. Indrek Tarand fór yfir viðbrögð ESB við kreppunni og sagði sambandið hafa verið alltof svifaseint í viðbrögðum sínum. Dýpka þyrfti Evrópusamstarfið á sviði efnahagsmála sem svar við kreppunni. Tarand sagðist búast við að kreppuástand mundi vara í Evrópu a.m.k. í tvö ár enn og að ástandið mundi versna áður en það batnar aftur. Valgerður Bjarnadóttir flutti framsögu um helstu markmið og árangur efnahagsáætlunar Íslands og AGS sem lauk 28. ágúst sl. Þar með varð Ísland fyrsta ríkið til að ljúka samstarfi um efnahagsáætlun við AGS frá því að fjármálakreppan skall á haustið 2008. Markmið áætlunarinnar vörðuðu fjárhagslegan stöðugleika, aðlögun ríkisfjármála, varðstöðu um útgjöld til velferðarmála, endurreisn fjármálakerfisins, lausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja og endurreisn trausts á íslenskt efnahagslíf. Valgerður sagði jákvæð teikn á lofti: Þótt hagkerfið hefði dregist saman um 12% væri nú reiknað með 2,5% vexti á yfirstandandi ári; jákvæðum frumjöfnuði yrði væntanlega náð í ríkisfjármálum á árinu 2012 og heildarjöfnuði 2014; og til marks um aukið traust á íslensku efnahagslífi væri árangursrík skuldabréfaútgáfa ríkisins á erlendum lánamörkuðum í júní sl.

Undir sérstökum dagskrárlið var rætt um samskipti Íslands og ESB í ljósi yfirstandandi aðildarviðræðna. Jan Borkowski, aðstoðarutanríkisráðherra Póllands, sem fer með formennsku í ráðherraráði ESB, Alexandra Cas Granje frá skrifstofu stækkunarmála í framkvæmdastjórn ESB og Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands, fluttu ávörp og á eftir fylgdu umræður. Borkowski lagði áherslu á að stækkunarferlið væri eitt af forgangsmálum pólsku formenskunnar en auk Íslands hafa Króatía, Makedónía, Svartfjallaland og Tykland formlega stöðu umsóknarríkis. Hann fjallaði um fyrirhugaða opnun nýrra samningskafla á ríkjaráðstefnum Íslands og Evrópusambandsins í október og desember og taldi að samningaviðræður mundu á næstu mánuðum ganga hratt fyrir sig hvað varðar kafla sem lægju innan sviðs EES-samningsins. Þá væri ljóst að erfiðu kaflarnir í ferli Íslands yrðu sjávarútvegur og landbúnaður og að opnun þeirra yrði að bíða um sinn þar sem meiri tíma til undirbúnings þyrfti frá ESB-hliðinni. Granje sagði skoðanakannanir hafa leitt í ljós að almenningur á Íslandi teldi sig ekki vita nóg um ESB og væri áhugasamur um að fræðast um sambandið. Hvatti hún til aukinnar upplýsingagjafar til að svara þeirri þörf. Þá sýndu kannanir að Íslendingar deildu grunngildum með íbúum Evrópu. Aðild Íslands að ESB mundi bæta við nýrri strategískri vídd hvað varðar norðurskautsmál fyrir sambandið. Stefán Haukur Jóhannesson upplýsti fundarmenn um stöðu mála af hálfu Íslands og sagði aðildarviðræðuferlinu miða vel áfram. Hin svokallaða rýnivinna hefði aukið skilning Íslendinga á ESB og regluverki þess og jafnframt skilning sambandsins á íslenskum aðstæðum. Í ljósi væntanlegra viðræðna um sjávarútveg væru útspil framkvæmdastjórnar ESB í endurskoðun á sameiginlegu sjávarútvegsstefnu sambandsins þar sem áhersla er lögð á valddreifingu og svæðisvæðingu fiskveiðistjórnar mjög áhugaverð. Ef Ísland yrði aðildarríki yrði það jafnframt stærsta fiskveiðipjóð sambandsins.

Í umræðunum sem á eftir fylgdu var nokkuð spurt um tímaramma aðildarviðræðnanna í heild og hvenær vænta mætti opunar samningskafla um landbúnað og sjávarútveg. Þá var spurt út í opunaraskilyrði ESB vegna landbúnaðarkafans um að íslensk stjórnvöld leggi fram áætlun um hvernig Ísland hyggist verða að fullu reiðubúið til þess að axla þær skyldur á sviði landbúnaðarmála sem af aðildarsamningi leiða á fyrsta degi aðildar. Enn fremur var spurt hvort Icesave-málið hefði áhrif á viðræðurnar. Frummælendur sögðu ómögulegt að meta hve langan tíma viðræður tækju, mikilvægast væri að vanda til verksins. Framkvæmdastjórnin þyrfti meiri tíma til undirbúnings og rýnivinnu fyrir erfiðu kaflana eins og sjávarútveg og landbúnað; einhverja mánuði til viðbótar tæki að opna sjávarútvegskaflann. Granje sagði ástæðu opunaraskilyrða ESB í landbúnaðarmálum þá að svo mikill munur væri á kerfi Íslands og ESB að nauðsynlegt væri að vita hvernig Íslendingar hygðust gera breytingar í tíma ef af aðild yrði. Borkowski sagði ljóst að með skilyrðinu væri einungis beðið um áætlun um breytingar en ekki krafist neinna aðgerða. Stefán Haukur taldi að eftir að íslensk stjórnvöld afhenda umbeðna áætlun varðandi landbúnaðarmálin mundi það taka ESB sex mánuði að fara yfir málið og á meðan yrði landbúnaðarkafinn ekki opnaður. Hvað Icesave varðar sagði Granje það ekki tengjast aðildarviðræðunum, málið væri í eðlilegum farvegi hjá ESA og að EFTA-dómstóllinn tæki afstöðu til þess.

Síðasti dagskrárliður fundarins fjallaði um stefnumótun Íslands og ESB um málefni norðurslóða og fluttu Diana Wallis og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir framsögur. Sú síðarnefnda fór ítarlega yfir ályktun Alþingis um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða frá því í mars og undirstrikaði áherslur á umhverfisvernd og sjálfbæra auðlindanýtingu, réttindi frumbyggja, styrkingu Norðurskautsráðsins, samstarf á sviði leitar og björgunar og í borgaralegum öryggismálum samfara andstöðu við hvers kyns hernaðaruppbyggingu. Hvað varðar loftslagsbreytingar væru þær mun hraðari á norðurskautssvæðinu en annars staðar og hefðu þær forspárgildi um væntanlegar breytingar á suðlægari svæðum. Diana Wallis lagði áherslu á að ESB sæktist eftir áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu og að sambandið veitti miklum fjármunum til rannsókna- og vísindastarfa á norðurslóðum.

Fjórði fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins er ráðgerður á Íslandi 3.-4. apríl 2012.